

2007

Fimmtudaginn 11. nóvember 1993.

Nr. 284/1991. **Stefán Birgisson**

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

gegn

Helga Haraldssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1991. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 242.432 krónur með 21% ársvöxtum frá 14. janúar 1991 til 31. sama mánaðar, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 3. maí sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Birgisson, greiði stefnda, Helga Haraldssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní sl., hefur Stefán Birgisson, kt. 200863-2249. Byggðavegi 136, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 19. apríl 1991, á hendur Helga Haraldssyni, kt. 030363-5589, Keilusíðu 4 E, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 242.432 kr. með 21% ársvöxtum frá 14. janúar 1991 til 31. janúar s.

á., 23% ársvöxtum frá þ. d. til 3. maí 1991, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara krefst stefndi þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 14. janúar 1991 hafi stefnandi og stefndi haft skipti á bilum. Við kaupin hafi stefnandi fengið í sinn hlut bifreiðina HN-777, Súbarú E 10 4 WD, árgerð 1985, en stefndi hafi fengið í sinn hlut bifreið af gerðinni Daihatsu Cuore, árgerð 1988. Þá hafi stefndi greitt á milli í kaupunum 220.000 kr. með ávísun, sem ekki hafi verið innleyst fyrr en 10. apríl 1991, þegar matsgerð hafi legið fyrir og stefndi hafi með öllu hafnað kröfu stefnanda um riftun á kaupum aðila. Við kaupin hafi stefndi upplýst, að Súbarú-bifreiðin væri ekin um 71.000 km og komið væri að því, að fara þyrfti í ventla í vélinni vegna gangtruflana, sem hann hafi sagt, að kostaði um 20.000 krónur. Það hafi svo verið fyrir nokkra tilviljun, að stefnandi hafi komist í samband við fyrri eiganda bifreiðarinnar, sem að vísu sé ekki getið í ferilsskrá hennar, og hafi þá komið í ljós, að rangar upplýsingar höfðu verið gefnar um akstur bifreiðarinnar, sem hafi numið 100.000 km. Þá hafi stefnandi haft samband við Súbarú-verkstæðið á Akureyri og fengið þær upplýsingar, að stefndi hefði látið skoða bifreiðina 9. janúar 1991 þar á verkstæðinu og honum verið skýrt þar frá því, að ástand bifreiðarinnar væri svo slæmt, að ekki væri hægt að stilla hana, þar sem þjöppun væri lítil á einum cylindra og ekki full þjöppun á hinum heldur. Þá hefði stefnda verið tjáð á verkstæðinu í umrætt sinn, að ekki væri hægt að segja nánar til um, hvað að væri, nema með því að skoða bifreiðina nánar. Stefnandi hafi gert kröfu um riftun á kaupunum, strax og honum hafi verið ljóst um málavöxtu og þau svik, sem hann hafði orðið fyrir. Stefndi hafi hafnað riftunarkröfunni afdráttarlaust, þrátt fyrir það að milligjöfin, 220.000 kr., væri boðin honum með því að skila tékkanum, sem hafði ekki verið innleystur og ekki verið seldur í banka fyrr en 10. apríl sl. Þegar riftunarkrafan hafi komið fram, hafi stefndi hins vegar haft samband við rannsóknarlögregluna á Akureyri, þar sem hann hugðist sjálfur kæra fyrrverandi eiganda bifreiðarinnar HN-777, og jafnframt tjáð lögmanni stefnanda, að hann ætlaði ekki að sitja uppi með skaða af þessu máli. Við bílakaupin 14. janúar 1991 hafi bifreiðarnar verið verðlagðar þannig, að HN-777 hafi verið metin á 390.000 kr. og Cuore-bíllinn á 530.000 kr.

Stefnandi hafi óskað eftir dómkvaðningu tveggja óvilhallra matsmanna hjá embætti bæjarfógetans á Akureyri 21. febrúar sl., og hafi þeir skilað matsgjörð sinni 10. apríl 1991, en hún sé dagsett 3. apríl 1991. Telji matsmenn, að verð notaðrar bifreiðar eins og HN-777 lækki um 100.000 kr. vegna 100.000 km aksturs, nema áreiðanlegar upplýsingar um endurnýjun og viðhald fylgi. Þá telji matsmenn, að gera þurfi við vél bifreiðarinnar, svo að hún verði í viðunandi ástandi, fyrir 61.432 kr. Enn fremur telji matsmenn, að viðgerð taki um þrjá daga, en hún hafi að sjálfsöögðu ekki getað hafist fyrr en að matsskoðun afstaðinni.

Kveðst stefnandi reisa kröfur sínar á mati dómkvaddra matsmanna, þeirra Kristins H. Jóhannssonar og Hrafns Sveinbjörnssonar bifvéla-virkja-meistara, en þar segir:

— — —

Stefnandi telur stefnda bera fébótaábyrgð gagnvart sér á því, að vél bifreiðarinnar HN-777 hafi verið svo áfátt sem að framan er lýst, jafnframt því, að rangar upplýsingar hafi verið gefnar um akstur bifreiðarinnar, sem hafi numið um 100.000 km, er rýri verðgildi hennar um a. m. k. 100.000 krónur. Liggi fyrir í málinu, að stefndi hafi gefið sannanlega rangar upplýsingar um eiginleika bifreiðarinnar, en stefnandi telur, að þessi mikli akstur og ástand vélarinnar séu samverkandi þættir. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til 1. og 2. mgr. 42. gr., sbr. 47. gr. i. f., laga nr. 39/1936 um lausafjárkaup og til annarra gr. laganna, sem eiga við tilvik sem þetta.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að ósannað sé með öllu, hvort og þá hversu mikið umfram 71.000 km bifreiðin HN-777 var ekin 14. janúar 1991. Stefnandi hafi engar sönnur færnt á þá fullyrðingu sína, að bifreiðin hafi verið ekin 100.000 km meira, heldur aðeins vísað í sögusagnir, sem hafðar séu eftir einhverjum huldumanni, sem sagður er hafa átt bílinn einhvern tíma. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé við þetta miðað sem gefinni forsendu, en ekkert gert til þess að kanna sannleiksgildi þessara fullyrðinga. Sé þessum lið matsgerðarinnar því vísað á bug, þar sem hann sé reistur á forsendum, sem hafi ekki verið rökstuddar. Í öðru lagi sé krafist sýknu af kröfum um viðgerðarkostnað, þar sem stefnanda var eða mátti a. m. k. vera fullljóst ástand bílsins að þessu leyti, enda hafi stefndi skýrt honum frá því, „að fara þyrfti í ventlana“ á bílnum, og í framhaldi af því hafi stefnandi skoðað bifreiðina vandlega, en stefnandi sé bifvéla-virki, og hafi hann krafist lækkunar á verði bílsins, sem stefndi hafi gengið að. Í þriðja lagi sé kröfu vegna afnotamissis hafnað sem algjörlega órökstuddri.

Auk aðila málsins hafa framangreindir matsmenn gefið skýrslu hér fyrir dóminum svo og vitnin Sigurður Anton Valdimarsson bifvéla-virki,

Björn Valdimarsson, er átti bifreiðina um tíma, og Hjörleifur Gíslason bílasali.

Fullyrðing stefnanda um, að bifreiðin hafi verið meira ekin en vegmælir hennar sýndi og stefndi gaf upplýsingar um, hefur eigi verið nægjanlega rökstudd.

Vitnið Hrafn Sveinbjörnsson bifvélavirkjameistari ber, að ástand vélarinnar hafi verið verra en búast mátti við miðað við 70.000 km akstur, en allt öðru máli hefði gegnt, ef bifreiðinni hefði verið ekið 100.000 km meira. Þá ber vitnið, að við slæma hirðingu vélarinnar hefði ástand hennar getað orðið slíkt við 70.000 km akstur.

Vitnið Kristinn H. Jóhannsson bifvélavirkjameistari ber, að ástand bifreiðarinnar hafi getað orðið svo við 70.000 km akstur og ekki verið verra en oft megi búast við. Telur vitnið, að ástand vélarinnar væri mjög gott, ef miðað væri við 170.000 km akstur.

Fram er komið, að bifreiðin leit illa út, og eftir skoðun stefnanda, sem er bifvélavirki að mennt, samdist um verulega lækkun verðs hennar að kröfu stefnanda. Þá hefur stefnandi viðurkennt, að stefndi hafi vakið athygli sína á, að komið væri að því, að fara þyrfti í ventla bifreiðarinnar.

Með vísan til framangreinds er ósannað, að stefndi hafi beitt svikum við kaupin, sbr. 47. gr. kaupalaga. Þá er ósannað, að vél bifreiðarinnar hafi verið í verra ástandi en stefnandi gat búist við miðað við akstur hennar og ástand að öðru leyti og þær upplýsingar, er stefndi gaf við kaupin, sbr. 42. gr. kaupalaga. Í máli þessu hefur stefnandi því ekki sýnt fram á nein þau atvik, er krafa hans verði reist á, og ber því að sýkna stefnda af kröfum hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 75.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskatts ásamt vöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Helgi Haraldsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Birgissonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 75.000 kr. í málskostnað ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.